

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tekur þátt í Comeniusar verkefni

Eins og við höfum sagt frá áður þá tekur Fjölbrautaskóli Snæfellinga þátt í verkefni á vegum Comeniusar áætlunar ESB í samstarfi við skóla í 9 öðrum Evrópulöndum. Í mars sl. heimsóttu samstarfsskólarnir okkur í eftirminnilegu veðri en þann 20. apríl lögðu 3 nemendur og 2 kennarar frá FSN land undir fót og fóru í heimsókn til Las Palmas á Kanarí. Komið var að þriðja fundi verkefnisins og mættu 54 erlendir gestir til I.E.S. El Rincon skólans í Las Palmas. Ferðalag okkar FSN inga var langt og strangt en við þurftum að taka 3 flugvélar til að komast á áfangastað, fórum frá Keflavík snemma að morgni, millilentum í London og í Madrid og enduðum seint að kvöldi í Las Palmas. Við höfðum farið það snemma í ferðina að við fengum tvo daga til að skoða okkur um áður en eiginleg skólaheimsókn hófst og notuðum við þá til að skoða gamla bæinn í Las Palmas og njóta sólarinnar á ströndinni. Á þriðja degi voru allir skólarnir mættir á svæðið og gat því eiginleg dagskrá hafist. Hún samanstóð af verkefnavinnu nemenda, en þau tóku upp efni fyrir myndband sem hlotið hefur nafnið Somos Comenius – Við erum Comenius og ætti að koma inn á heimasíðu verkefnisins fljótlega. Nemendur fengu einnig kennslu í matreiðslu á réttum frá Kanarí, kennslu í brimbrettareid og fóru í skoðunarferðir um þessa fallegu eyju. Kennarar unnu einnig að ýmsum þáttum er snúa að verkefninu, eins og t.d. matsblöðum, skýrslum og heimasíðum verkefnisins.

Í Las Palmas búa tæplega 400.000 íbúar og er borgin mjög falleg og áhugaverður staður til að heimsækja. Við hittum borgarstjórnann og má sjá einn nemenda okkar, hana Jóhönnu, heilsa honum hér fyrir neðan.

Eftir verkefnavinnu, fundi og skemmtun í 4 daga var komið að heimför sem ekki gekk áfallalaust fyrir sig, því seinkanir voru miklar á flugi frá Madrid, það miklar að við misstum af Flugleiðavélinni heim frá London. Við urðum því að gista í London eina nótt sem var svo sem allt í lagi, en það voru þreyttir en sælir ferðalangar sem komu til baka sunnudaginn 8. maí. Næsta ferð verður farin í október n.k. en þá munu 4 aðrir nemendur fara til Wlocklawek í Póllandi.

Við viljum þakka öllum þeim sem veitt hafa okkur stuðning í þessu verkefni.

Jóhanna Jóhannesdóttir, Soffía Rós Stefánsdóttir og Sædís Ragna Jóhannsdóttir nemendur
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir kennarar